

L Ö G

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

88

27. okt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar þeirri lánsheimild, sem veitt er í 1. gr. laga nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 16 millj. króna lán eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri, til þess tíma og með þeim kjörum, er um semst. Veðsetja má togarana með 2. veðrétti til tryggingar láninu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. október 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

um fullgilding alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu.

89

30. okt.

Hinn 19. október 1950 var brezka utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (International Convention for the Safety of Life at Sea), sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í London hinn 10. júní 1948. Gildistaka samnings þessa verður auglýst síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. október 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um ráðstafanir til að koma í veg fyrir útgáfu ósiðlegra rita.

90

10. nóv.

Hinn 4. maí 1949 var í Lake Success gengið frá viðbótarsamkomulagi við alþjóðasamninginn um ráðstafanir til að koma í veg fyrir útgáfu ósiðlegra rita, er undirritaður var í París hinn 4. maí 1910, og Ísland gerðist aðili að hinn 28. júlí 1912.

Aðildarskjal Íslands varðandi ofangreint viðbótarsamkomulag var afhent Saminuðu þjóðunum hinn 23. október 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. nóvember 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

25